

Skipulagsskrá fyrir Prestaskólasjóðinn.

1. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1847 af þáverandi kennurum og nemendum prestaskólans og hefur síðan verið aukinn með frjálsum gjöfum landsmanna. Í árslok 1916 var sjóðurinn orðinn 6.606,43 – sex þúsund sex hundruð og sex krónur 43 aurar.

2. gr.

Samkvæmt tilætlun gefandanna sem mæltu svo fyrir, að hvorki innstæðuna nje leiguna skyldi skerða fyr en sjóðurinn næði 1.000 ríkisdöllum, en úr því skyldi verja leigunni til styrktar einum fátækum og efnilegum stúdent á prestaskólanum, þegar svo stæði á, að þess þyrfti við, en leggja hann ella við innstæðuna – má verja alt að 3/4 hlutum vaxtanna til styrktar fátækum og efnilegum stúdentum, er stunda nám við guðfræðisdeild háskólans. Aldrei skal þó styrkur veittur fleiri stúdentum en svo, að hver þeirra fái minna en 3/4 hluta vaxtanna af hverjum 2.000 kr. höfuðstóls sjóðsins. Ávalt skal leggja að minsta kosti 1/4 hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Kennarar guðfræðisdeildar úthluta styrk úr sjóðnum. Skal úthlutun fara fram fyrir lok marsmánaðar ár hvert og umsóknir um styrk úr sjóðnum komnar til forseta guðfræðisdeildar fyrir miðjan þann mánuð.

Staðfest af háskólaráðinu.